Fundur 26.10.2026 George Foreman boxari.

Góða kvöldið komið þið sæl.

Já góða kvöldið.

Hafði ég frétt af því af kunningjunum mínum sem hafði fengist við sömu starfsgrein að vel hafi hann látið af því að tala við einu íslensku stjörnusambandsstöðina sem tekur á móti kveðjum frá okkur brottfluttum jarðarbúum og vil ég því gjarnan reyna það.

Tala ég hér frá sambandsstöð á mínum hnetti og mikil voru þau umskipti, er það um það bil ár liðið síðan ég andaðist á ykkar jörð og verð ég að segja að merkileg finnst mér sú saga að ég var hér í marga mánuði og var ég í nokkurs konar dái, þar sem erfiðum stilli áhrifum þurfti að bægja frá mér og hafði ég næstum farið á helstefnu jörð vegna eðlis starfsgreinar minnar sem bundin er helstefnu áhrifum og hafði ég auk þess verið ódæll og erfiður í æsku.

Og kom ég svo til fullrar heilsu og er hér mörgu að sinna og hef ég fengið fullan líkamsþrótt og margs er að minnast frá jörðinni gömlu.

Er hér sterkur máttur, lífstefnumáttur margra góðra manna og kvenna sem hjálpar okkur að komast á lífstefnu brautina og komast úr erfiðum stilli áhrifum sem fylgja sögu okkar menningar og fordóma sem sem við höfum mætt í heimalandi okkar á jörðinni og eru það stórkostleg samtök en hef ég þurft að læra ýmislegt upp á nýtt í sambandi við trúarbrögð mín og taka upp fyrri trúarbrögð mín og ættar okkar í Afríku, heiðin trúarbrögð og eru þau stórmerkileg og hjálpaði það mér þó mikið að verða fyrir kristilegri vakningu á jörðinni og leiddi mig á þroskabraut.

Og hef ég nú reynt að snúa baki við þessari iðju og hef ég í mér þetta sölumanns eðli og var mér bent á það hvernig góðar vættir hefðu leitt okkur saman, mig og annan mann sem var með varning sem þurfti auglýsingar við og var ég þekktur fyrir það á seinni hluta ævinnar og hyggst ég notfæra mér þá hæfileika mína hér í framlífi og leggja fyrri iðju á hilluna.

Fann hann góða strauma frá ykkur maður sem hefur til ykkar talað, vil ég gjarnan lýsa því betur hvernig stórkostlegt það er að endurvekja okkar fornu trú frá fyrsta heimalandi okkar í Afríku, en get ég ekki farið út í það í smá atriðum, en get ég þó sagt það að við höfum uppfært þær hugmyndir um anda og hér eru vísindalegri hugmyndir um fólk á öðrum hnöttum sem er æðra en lét forfeður okkar og formæður í té þær upplýsingar að þær væru andar, en eru þó líkamlegar verur á öðrum hnöttum.

Já hér er þó margvíslegur varningur í framlífi sem hægt er að selja og kynna og er það mín framtíðar braut, George Foreman,

Já já, velkominn.

Boxari, já takk kominn, er kunningi minn sá sem ég minntist á er Cassíus Clay.

Já ég ætlaði einmitt að spyrja þig hvort það væri hann. Já.

Hann talaði til okkur á sínum tíma. Já,

Stefnir það einnig í framfara átt hjá honum og er hér komin út í stjórnmálin leiðtogi mikill sem var mikill á jörðinni á sínum tíma í okkar heimalandi, myrtur, Martein Luther King, öflugur stjórnmála leiðtogi hér.

Næ ég ekki að halda áfram orkan er að minnka, þakka ég fyrir mig og vonandi kemst ég síðar, verið þið sæl.

Þakka þér fyrir komuna og vertu sæll.